

1990 nr. 73 18. maí**Lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins**

Tóku gildi 31. maí 1990. Breytt með 1. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998), 1. 101/2000 (tóku gildi 6. júní 2000), 1. 68/2008 (tóku gildi 12. júní 2008), 1. 36/2011 (tóku gildi 19. apríl 2011; *EES-samningurinn*: XX. viðauki tilskipun 2000/60/EB, 2006/118/EB, 2008/105/EB, 2009/90/EB), 1. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), 1. 131/2011 (tóku gildi 1. jan. 2012), 1. 10/2012 (tóku gildi 15. febr. 2012) og 1. 60/2013 (tóku gildi 15. nóv. 2015).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **íðnaðar- og viðskiptaráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Íslenska ríkið er eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki.

□ Hugtakið auðlind samkvæmt lögum þessum tekur til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotsins annarra en lifandi vera.

□ [Hugtakið netlög merkir í lögum þessum sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.]¹⁾

¹⁾ L. 101/2000, 1. gr.

■ **2. gr.** Enginn má leita að efnum til hagnýtingar á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi [Orkustofnunar].¹⁾

□ [[Orkustofnun]²⁾ er heimilt að veita leyfishafa fyrirheit um forgang að leyfi skv. 3. gr. í allt að tvö ár eftir að gildistíma leyfis til leitar er lokið og um að öðrum aðila verði ekki veitt leyfi til leitar á þeim tíma.]³⁾

¹⁾ L. 10/2012, 2. gr. ²⁾ L. 131/2011, 10. gr. ³⁾ L. 101/2000, 2. gr.

■ **3. gr.** Óheimilt er að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi [Orkustofnunar].¹⁾

□ [[Orkustofnun]¹⁾ er heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir töku eða nýtingu sem [hún]²⁾ heimilar skv. 1. mgr. Tekjum af leyfum skal að jafnaði varið til hafsbots- og landgrunnsrannsóknna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.]³⁾

¹⁾ L. 10/2012, 2. gr. ²⁾ L. 131/2011, 10. gr. ³⁾ L. 101/2000, 3. gr.

■ **4. gr.** Leyfi til hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni skal bundið við ákveðið svæði og gilda til ákveðins tíma sem ekki má vera lengri en 30 ár. Í leyfisbréfi skal m.a. ætíð greina hverjar ráðstafanir leyfishafi skuli gera til að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar.

□ [Við veitingu leyfa samkvæmt lögum þessum skal gætt ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum. [Áður en leyfi

er veitt skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.]]¹⁾²⁾

□ [Ef sýnt er fram á með gögnum að umhverfismarkmið, sett á grundvelli laga um stjórn vatnamála, náist ekki er í sérstökum tilvikum heimilt að endurskoða leyfi eða setja ný skilyrði vegna umhverfismarkmiða. Við ákvörðunina skal líta til þess hvaða áhrif breytingin hefur á hagsmuni leyfishafa og til ávinnings og óhagræðis sem hún ylli að öðru leyti.]³⁾

¹⁾ L. 60/2013, 95. gr. ²⁾ L. 101/2000, 4. gr. ³⁾ L. 36/2011, 32. gr.

■ **5. gr.** Með reglugerð¹⁾ skal [ráðherra]²⁾ setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal nánari ákvæði um þau leyfi sem um ræðir í 3. og 4. gr.

□ [Í reglugerð skal tilgreina helstu ákvæði sem fram skulu koma í leyfunum, m.a. um tímalengd leyfis, staðarmörk vinnslusvæða, gerð efnis, magn og nýtingarhraða ef um nýtingarleyfi er að ræða, upplýsingaskyldu og skil gagna, öryggis- og umhverfisráðstafanir, eftirlit og greiðslu kostnaðar af eftirliti og leyfisgjald.

□ Í reglugerð skal einnig kveðið á um þau atriði sem umsækjandi skal tiltaka í umsókn um leitar- og rannsóknarleyfi skv. 2. gr. og í umsókn um vinnsluleyfi skv. 3. gr.]³⁾

¹⁾ Rg. 290/2012. ²⁾ L. 126/2011, 145. gr. ³⁾ L. 101/2000, 5. gr.

■ **[6. gr.]** [Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa samkvæmt lögum þessum sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.

□ Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kæru til ráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð kæru til ráðherra fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnisýslulaga.]¹⁾²⁾

¹⁾ L. 131/2011, 11. gr. ²⁾ L. 68/2008, 2. gr.

■ **[7. gr.]**¹⁾ Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum eða [fangelsi allt að 2 árum],²⁾ enda liggi ekki við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

¹⁾ L. 68/2008, 2. gr. ²⁾ L. 82/1998, 197. gr.

■ **[8. gr.]**¹⁾ Lög þessi öðlast þegar gildi.

¹⁾ L. 68/2008, 2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Þeir, sem við gildistöku laganna taka efni af eða úr hafsbotni, skulu innan sex mánaða sækja um leyfi skv. 4. gr.

■ **II.** Þeir sem hafa leyfi til leitar og hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni skulu halda þeim í fimm ár frá gildistöku laga þessara.]¹⁾

¹⁾ L. 101/2000, 6. gr.